



## 55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 11 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

### Reglugerð um körfuknattleiksmót

Lagt er til að 37. grein um 11. flokk kvenna falli brott. Þannig yrði 38. grein að 37. grein o.s.frv. Jafnframt er lögð fram tillaga um breytingu á 36. grein.

#### 36. grein

##### ~~12. FLOKKUR KVENNA~~ STÚLKNAFLOKKUR

- Aldur: 16, 17 og 18 ára.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

#### Deildarkeppni

Í ~~12.~~ stúlknaflokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri riðlum (deildum) skulu félög skiptast í riðla (deildir) sem hér segir: Árangur ~~12.~~ stúlknaflokks tímabilið á undan skal gilda 67% á móti árangri í ~~14~~ 10. flokki tímabilið á undan.

Hvert lið í ~~12.~~ stúlknaflokki skal leika 22 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.

Vísað til:  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
Afgreitt:  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 11 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

### Greinargerð:

*Að skipta stúlknaflokki upp í tvennt hefur að okkar mati ekki haft jákvæð áhrif á umhverfi þessa aldursflokks hjá stúlkum. Færri lið kepptu samtals í þessum aldursflokki heldur en í stúlknaflokki tímabilið á undan og var eingöngu hægt að halda úti A deildum í báðum flokkum og þar af leiðandi svigrúm fyrir mismunandi getustig miklu minna. Við teljum að fyrra fyrirkomulag henti betur með breiðara aldursbili þar sem hægt er að bjóða upp á A og B deildir, a.m.k. á meðan leikmannafjöldi stúlkna á þessum aldri er ekki meiri en raun ber vitni.*

*F.h. kkd. ÍR*

*Ingvar Hrafn Þorsteinsson*

*Þorsteinn Ingi Garðarsson*

*Ísak Máni Wíum*

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 11 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

### Umsögn mótanefndar KKÍ

Síðastliðið sumar skráðu 10 lið sig til leiks í 11. flokki stúlkna, en þegar leið að mótinu skráðu sex félög sig úr keppni, svo eftir sátu fjögur lið sem leika 10-11 leiki hvert. Ef það er borið saman við 11. flokk drengja, þá hafa 18 lið leikið fulla deildarkeppni í tveimur deildum þar í vetur. Heppilegt er því að sameina 11. flokk stúlkna við 12. flokk kvenna.

Vakin er athygli á því að í fyrrum stúlknaflokkum ákvarðaðist röðun liða út frá árangri stúlknaflökks tímabilið á undan, þannig að árangur 10. flokks réði engu um röðun liða. Það kom til vegna þess að flokkurinn er með breitt aldursbil, þ.e. telur þrjá árganga og réttast þótti að árangur þeirra tveggja árganga sem spiluðu í flokknum tímabilið á undan myndi ráða röðun liða. Sögulega væri það styrkleikaröðun sem hreyfingin þekkir. Sömuleiðis má benda á mótanefnd er með röðunarfund þegar skráningu er lokið, þar sem félög geta gert athugasemdir og komið með ábendingar varðandi röðun í deildir.

Mótanefnd telur ekki ástæðu til að breyta flokkaheitinu. Heppilegra er að gæta samræmis í flokkaheitum karla og kvenna og láta þennan flokk heita áfram 12. flokk kvenna. Þannig er nóg að breyta aldrinum, en aðrar breytingar eru að mati mótanefndar, óþarfar.

Einnig er bent á að gera þarf breytingu á 6. grein reglugerðarinnar sem snýr að þátttökutilkynningum og 14. grein er snýr að flokkaskiptingu til að fjarlægja 11. flokk stúlkna úr reglugerðinni.

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld